

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Árneshrepps, nr. 1320/2018.

#### 1. gr.

8. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Hreppsnefnd Árneshrepps heldur fundi á skrifstofu sveitarfélagsins í annarri viku hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundur er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti hreppsnefndarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar oddviti telur það nauðsynlegt og ef þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótakvæðalaust á næsta fundi hreppsnefndar á undan.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulega fundi hreppsnefndar vegna sumarleyfis.

Hreppsnefndarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti á fundum hreppsnefndar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar hreppsnefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og hreppsnefndarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Árneshrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 20. júlí 2023.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*